

## Kynjajafnrétti - Gátlisti fyrir grunnskóla



### Kennsluhættir og námsgögn

- Ég skipulegg kennsluna með fjölbreytileika nemenda í huga og gæti að því að bjóða upp á fjölbreyttar kennsluaðferðir
- Ég nota fjölbreyttar matsaðferðir
- Ég nota fjölbreyttar aðferðir við að para eða hópa nemendur saman
- Ég legg mikla áherslu á virðingu og góð samskipti í kennslustofunni
- Ég legg mig fram við að sýna öllum nemendum mínum virðingu
- Ég gríp alltaf inn í ef nemendur sýna karl- eða kvenrembu
- Ég nota tækifærin þegar þau gefast til þess að ögra staðalmyndum kynjanna
- Ég fylgist með því hvort ég veiti strákum og stelpum jafnmikla athygli og aðstoð í kennslustofunni
- Ég læt nemendur mína ekki vera talsmenn þess kyns sem þeir tilheyra
- Ég geng ekki út frá því að nemendur séu lakari eða betri í einhverju verkefni einungis vegna kynferðis
- Ég skoða það námsefni sem ég nota með kynjagleraugum (til dæmis skoða ég hlutfall karla og kvenna sem koma fyrir í textanum eða á myndum)
- Ég er meðvituð/aður um þær staðalmyndir sem birtast reglulega í námsefni og barna- og unglingabókum s.s. heimavinnandi mæður, fjarverandi feður, blíðar og sætar stúlkur og óþekkir ævintýragjarnir drengir?
- Ég legg mig fram við að finna fjölbreytt námsefni sem sýnir margbreytileika mannlífsins (t.d. fjölbreytt fjölskylduform, hinsegin fólk, fólk með fötlun, fólk með erlendan uppruna o.s.fv)
- Ég gæti að því að kennsluaðferðir mínar gefi öllum nemendum tækifæri til að láta rödd sína heyrast



### Samskipti við nemendur og samstarfsfólk

- Ég legg mig fram við að koma eins vel fram við alla nemendur skólans óháð því hvaða hópum þeir tilheyra (kyn, uppruni, efnahagsstaða, kynhneigð, kynvitund o.s.fv)
- Ég reyni að brjóta meðvitað upp staðalmyndir þegar ég á í samskiptum við nemendur
- Ég legg mig fram við að skapa andrúmsloft þar sem öll í nemendahópnum upplifa sig velkomin og örugg
- Ég hrósa börnum á fjölbreyttan hátt
- Ég gæti þess að öll börn fái reglulega hrós og hvatningu
- Ég hef væntingar til allra nemenda og geri kröfur um vinnusemi og vandvirkni óháð kyni
- Ég geri sömu kröfur til allra nemenda varðandi snyrtimennsku og hreinlæti
- Ég sýni öllu samstarfsfólki mínu virðingu
- Ég gríp inn í ef samstarfsfólk mitt sýnir karl- eða kvenrembu
- Ég bendi samstarfsfólki á ef framkoma þeirra er lituð af staðalmyndum eða fordómum



### Umhverfi og andrúmsloft

- Eru bleikir og bláir litir notaðir til jafns fyrir bæði/öll kyn?
- Hafa öll börn og ungmenni aðgang að náms- og myndefni sem sýnir fólk í óhefðbundnum kynhlutverkum?

- Er starfsfólk skólans af fleiri en einu kyni?
- Eru límmiðar, stimplar eða annað skraut hlutlaust og fjölbreytt fyrir öll börn?
- Eru öll börn hvött til að sýna hugrekki og þor í hinum ýmsu aðstæðum (t.d. frímínútum, íþróttum, á sýningum o.s.fv)?
- Fá öll börn og ungmenni jöfn tækifæri til að taka þátt í viðburðum og sýningum óháð kyni (er þess t.d. gætt að strákum sé ekki ómeðvitað ýtt í tæknimálin og stelpunum í að skreyta)?
- Eru öll börn og ungmenni hvött til að sýna vináttu og hlýju?
- Fá öll börn og ungmenni þjálfun í að tjá sig um tilfinningar sínar og líðan? (Er markvisst unnið með tilfinningalæsi nemenda í skólanum)?
- Er öllu ofbeldi hafnað í skólanum?
- Fá börn sem beita ofbeldi þjálfun í að leysa ágreining á annan hátt?
- Er unnið með og talað um snertingu og persónuleg mörk?
- Er unnið með frelsi barna til að velja og hafna snertingu?
- Fá öll börn og ungmenni jafnréttisfræðslu og kynfræðslu reglulega



### **Annað**

- Eru söngtextar lausir við staðalmyndir kynjanna?
- Sýna söngtextar fjölbreytileika mannlífsins?
- Er þess gætt að íþróttatímar séu með fjölbreyttu sniði?
- Eru fjölbreytt leiksvæði á skólalóðinni sem henta margbreytilegum nemendahópi?
- Leitar starfsfólk jafn mikið til feðra og mæðra varðandi hegðun, líðan og heilsu barna?
- \_\_\_\_\_
- \_\_\_\_\_



### **Hvað gerum við vel?**

---



---



---



### **Hvað viljum við gera betur?**

---



---



---



### **Athugasemdir**

---



---



---